



## Viljayfirlýsing

Ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga lýsa yfir eftirfarandi :


1. Aðilar munu vinna saman að mótun tillagna um fjármálareglur fyrir sveitarfélögin og bættu upplýsingaöflun sem tryggt geti að fjármál sveitarfélaganna vinni með ríkisfjármálunum að því er varðar almenna hagstjórn. Í þessu sambandi verði sérstaklega hugað að markmiðssetningu varðandi þak á vöxt útgjalda sveitarfélaga, þak á hlutfall skulda þeirra og tekjuafkomu þeirra yfir hagsveifluna.
2. Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna, að því gefnu að afkoma ríkissjóðs leyfi, til þess að skoða með jákvæðum hætti möguleika á að ríkið vinni með sveitarfélögum, sem tekin eru að framfylgja fjármálareglum er þau hafa sett sér á grundvelli tillagna samkvæmt 1. tl. hér að framan, við að lækka skuldastöðu þeirra. Samráð verður haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um útfærslu þessa.
3. Aðilar munu vinna markvisst að auknu samstarfi ríkis og sveitarfélaga á sviði kjaramála til þess að koma megi í veg fyrir misræmi í kjarasamningsniðurstöðum, hvort heldur hjá ríkinu annars vegar og sveitarfélögunum hins vegar eða innbyrðis hjá sveitarfélögunum.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að tímabundið aukaframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árunum 2007 og 2008 til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga hækki úr 700 milljónum króna í 1400 milljónir króna hvort ár. Aðilar munu í sameiningu meta þörf fyrir aukaframlög í jöfnunarsjóð að þessu tímabili loknu.
5. Aðilar munu sameiginlega leggja mat á framkvæmd samkomulags um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sameiningar sveitarfélaga.

Reykjavík, 22. mars 2007

  
Magnús Stefánsson  
félagsmálaráðherra

  
Halldór Halldórsson  
formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga

  
Árni M. Mathiesen  
fjármálaráðherra

  
Þórunn Skúlason  
framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga